

# Vestmannaeyjabær

## Ársreikningur 2023

Vestmannaeyjabær  
Ráðhúsinu  
900 Vestmannaeyjar

Kt. 690269-0159

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11

# Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 9.152 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 5.954 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,68% en lögbundið hámark þess er 14,74%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,268% en lögbundið hámark þess er 0,625% með álagi, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,4%, en lögbundið hámark þess er 1,65% með álagi.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta, var jákvæð um 564 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 231 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 11.100 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta var jákvætt um 8.139 millj. kr.

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2023 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Vestmannaeyjum, 21. mars 2024

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2023 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Vestmannaeyjum, 11. apríl 2024

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjabæjar („sveitarfélagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð samstæðunni við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á fundi bæjarstjórnar þann 15. október 2015 vegna endurskoðunar ársreiknings 2015 og höfum verið endurskoðendur sveitarfélagsins samfelld síðan þá.

### Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningum í heild og ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
<p>Í árslok nam lífeyrisskuldbinding Vestmannaeyjabæjar 4.815 millj. kr. sem nemur um 28% af heildareignum sveitarfélagsins sjá skýringar 3 l) og 14.</p> <p>Mat lífeyrisskuldbindingar byggir á núvirtu væntu greiðslufærð í framtíðinni og byggir á tryggingafræðilegri úttekt tryggingastærðfræðinga sem framkvæmd er í árslok 2023 sem stjórnendur sveitarfélagsins réðu til verksins. Við gerð matsins byggja tryggingastærðfræðingar á ýmsum forsendum s.s. væntingum um launaþróun, lífslíkum og örorkulíku.</p> <p>Í ljósi þess að lífeyrisskuldbinding er verulegur matsliður í reikningssskilum sveitarfélagsins er mat hennar lykilþáttur í endurskoðun okkar.</p>	<p>Endurskoðun okkar á lífeyrisskuldbindingu fólst meðal annars í eftirfarandi:</p> <p>Héldum fundi með tryggingastærðfræðingum lögðum mat á hæfni þeirra og óhæði.</p> <p>Mynduðum okkur væntingar um breytingar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2023 og stöðu hennar í árslok 2023 og bárum saman við niðurstöður stjórnenda og tryggingastærðfræðinga.</p> <p>Fórum yfir hvort reikningshaldsleg meðferð lífeyrisskuldbindingar væri í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og reikningssskilareglur settar á grundvelli þeirra.</p> <p>Fórum yfir skýringar vegna lífeyrisskuldbindingar.</p>

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber Bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sveitarfélagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar rekstrareininga sem falla undir starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn og bæjarráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn og bæjarráð að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn og bæjarráð um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sigurjón Örn Arnarson, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Vestmannaeyjum, 11. apríl 2024

**KPMG ehf.**

## Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	4.211.491	3.886.724	3.838.034	4.195.216	3.872.375	3.824.535
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	998.186	791.523	782.203	998.186	791.523	782.203
Aðrar tekjur .....	4	743.977	527.286	626.645	3.958.849	3.049.195	3.406.336
		<u>5.953.654</u>	<u>5.205.533</u>	<u>5.246.882</u>	<u>9.152.251</u>	<u>7.713.093</u>	<u>8.013.074</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	3.008.821	2.727.337	2.713.628	4.238.805	3.851.453	3.849.655
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	14	505.940	355.600	512.392	526.589	390.400	508.522
Annar rekstrarkostnaður .....		2.029.252	1.818.166	1.795.648	3.402.209	2.964.479	3.094.492
		<u>5.544.013</u>	<u>4.901.103</u>	<u>5.021.669</u>	<u>8.167.603</u>	<u>7.206.331</u>	<u>7.452.670</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		409.640	304.429	225.213	984.648	506.762	560.405
Afskriftir .....	8	( 233.365 )	( 229.449 )	( 212.823 )	( 442.176 )	( 354.616 )	( 356.304 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		176.276	74.981	12.390	542.471	152.146	204.100
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	55.152	27.112	( 140.318 )	23.655	12.790	( 177.017 )
Tekjuskattur .....		0	0	0	( 2.018 )	0	( 833 )
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....</b>	<b>13</b>	<u>231.428</u>	<u>102.092</u>	<u>( 127.927 )</u>	<u>564.108</u>	<u>164.936</u>	<u>26.250</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2023	2022	2023	2022
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir .....	8	9.080.163	8.537.742	10.209.304	9.682.173
Veitur, hafnir og gatnakerfi .....	8	306.718	184.263	3.251.427	2.776.217
Vélar, áhöld og tæki .....	8	362.192	337.034	525.792	566.983
		<u>9.749.073</u>	<u>9.059.039</u>	<u>13.986.523</u>	<u>13.025.372</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	9	700.866	700.866	550.566	550.566
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	167.734	176.730	167.734	176.730
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	11	707.836	406.421	0	0
		<u>1.576.436</u>	<u>1.284.017</u>	<u>718.301</u>	<u>727.296</u>
Fastafjármunir		<u>11.325.510</u>	<u>10.343.057</u>	<u>14.704.823</u>	<u>13.752.669</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir .....	3i	10.539	12.054	10.539	12.054
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	517.064	400.350	686.365	501.436
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	11	23.587	28.119	0	0
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		880.741	936.330	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	8.409	8.409	8.409	8.409
Aðrar skammtímakröfur .....		47.455	91.142	117.453	135.824
Skammtímafjárfesting .....	3l	1.253.148	1.542.533	1.253.148	1.542.533
Handbært fé .....	3m	336.495	150.937	544.631	258.160
Veltufjármunir		<u>3.077.439</u>	<u>3.169.873</u>	<u>2.620.545</u>	<u>2.458.417</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>14.402.948</u>	<u>13.512.930</u>	<u>17.325.368</u>	<u>16.211.085</u>

## 31. desember 2023

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2023	2022	2023	2022
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	8.138.832	7.492.538	11.100.293	10.121.318
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	14	4.599.077	4.499.869	4.815.236	4.709.398
Aðrar skuldbindingar .....	15	0	0	33.221	33.221
		4.599.077	4.499.869	4.848.457	4.742.619
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16	0	19.146	198.690	210.794
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	17	0	0	304.000	320.000
		0	19.146	502.690	530.794
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		1.030.021	847.535	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	20.679	25.529	28.979	33.108
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	17	0	0	16.000	16.000
Aðrar skammtímaskuldir .....		614.339	628.313	828.950	767.246
		1.665.039	1.501.377	873.929	816.354
Skuldir og skuldbindingar samtals		6.264.117	6.020.392	6.225.076	6.089.767
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>14.402.948</b>	<b>13.512.930</b>	<b>17.325.368</b>	<b>16.211.085</b>

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings ..... 19

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr.	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	13	231.428	102.093	( 127.927 )	564.108	164.936	26.250
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	233.365	229.449	212.823	442.176	354.616	356.304
Verðbætur .....		( 15.514 )	457	( 15.800 )	18.310	4.640	22.225
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	14	505.940	355.600	512.392	526.589	390.400	508.522
Aðrar skuldbindingar, breyting .....		0	0	0	( 237 )	0	( 3.565 )
Veltufé frá rekstri		955.219	687.598	581.488	1.550.947	914.592	909.736
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgreiddur kostn., breyting .....	10	8.996	0	8.996	8.996	0	8.996
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting ..	17	0	0	0	( 16.000 )	( 16.000 )	( 16.000 )
Birgðir, breyting .....		1.514	0	( 2.587 )	1.514	0	( 2.587 )
Önnheimtar tekjur, breyting .....		( 116.714 )	0	27.826	( 184.928 )	0	7.667
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		43.687	0	29.100	18.371	0	( 12.737 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 13.974 )	32.936	( 61.619 )	61.940	27.868	( 58.120 )
Greiðslur vegna lífeyrisskuldb. ....	14	( 406.732 )	( 157.478 )	( 294.402 )	( 420.751 )	( 180.874 )	( 308.600 )
Samtals		( 483.223 )	( 124.542 )	( 292.685 )	( 530.857 )	( 169.006 )	( 381.380 )
Handbært fé frá rekstri		471.996	563.056	288.802	1.020.090	745.586	528.356
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	8	( 591.887 )	( 508.600 )	( 733.765 )	( 1.047.016 )	( 981.300 )	( 1.308.687 )
Gatnagerðargjöld .....		83.354	0	53.917	83.354	0	53.917
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði .....		0	0	0	( 24.799 )	0	( 24.799 )
Eignarhlutir í félögum, breyting .....	9	0	0	( 500 )	0	0	0
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting...		( 278.731 )	0	( 161.755 )	0	0	0
Skammtímaverðbréf, breyting .....		289.385	0	595.728	289.385	0	595.728
Fjárfestingarhreyfingar		( 497.879 )	( 508.600 )	( 246.375 )	( 699.076 )	( 981.300 )	( 683.841 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyting .....		238.075	( 299.520 )	22.831	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	16	( 26.635 )	( 25.265 )	( 24.427 )	( 34.544 )	( 32.766 )	( 31.582 )
Fjármögnunarhreyfingar		211.441	( 324.785 )	( 1.596 )	( 34.544 )	( 32.766 )	( 31.582 )
<b>Hækkun, (lækkun) á handbæru fé .....</b>		185.558	( 270.329 )	40.831	286.470	( 268.480 )	( 187.067 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		150.937	2.146.769	110.106	258.160	2.146.769	445.227
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		336.495	1.876.440	150.937	544.631	1.878.289	258.160

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Vestmannaeyjabær er sveitarfélag á Suðurlandi og var fjöldi íbúa þess 4.631 í árslok 2023. Lögheimili sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu í Vestmannaeyjum.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2023 hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisýfirlit og viðeigandi skýringar fyrir A hluta sveitarfélagsins.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Þjónustumiðstöð og Grjótnám. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður Vestmannaeyja, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Náttúrustofa Suðurlands, Herjólfur ohf. og Eygló eignarhaldsfélag ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	25-50 ár
Hafnarmannvirki .....	13-50 ár
Veitukerfi .....	25 ár
Gatnakerfi .....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki .....	10-40 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýmnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

### g. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlög í lífeyrisaukasjóð gjaldfærð á 30 árum en framlög í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

### h. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### j. Skammtímafjárfesting

Sveitarfélagið hefur fjárfest í verðbréfum til skammtímaávöxtunar og eru þau færð meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi. Gangvirðisbreytingar verðbréfa eru færðar meðal vaxtatekna í rekstrarreikningi.

Skammtímaverðbréf samstanda ef verðbréfasjóðum í fjárstýringu hjá innlendum fjármálastofnunum og eru innleysanleg með skömmum fyrirvara. Fjármagnstekjuskattur er færður til lækkunar vaxtatekna við innlausn verðbréfa.

### k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2023. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14.

## Skýringar, frh.:

### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### n. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 19.

### o. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 23.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>						
Útsvar .....	3.690.649	3.400.000	3.389.848	3.690.649	3.400.000	3.389.848
Fasteignaskattur .....	399.514	371.281	339.055	383.240	356.932	325.556
Lóðarleiga .....	121.327	115.443	109.131	121.327	115.443	109.131
	4.211.491	3.886.724	3.838.034	4.195.216	3.872.375	3.824.535
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Fasteignaskattsframlag .....	163.243	166.874	157.669	163.243	166.874	157.669
Framlög vegna útgjaldajöfnun.	567.420	441.899	425.758	567.420	441.899	425.758
Framlög vegna grunnskóla.....	( 12.051 )	( 16.743 )	( 18.690 )	( 12.051 )	( 16.743 )	( 18.690 )
Vegna málefna fatlaðs fólks....	253.697	191.843	195.223	253.697	191.843	195.223
Önnur framlög .....	25.877	7.650	22.244	25.877	7.650	22.244
	998.186	791.523	782.203	998.186	791.523	782.203
Skatttekjur samtals.....	5.209.677	4.678.247	4.620.237	5.193.402	4.663.898	4.606.738
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	743.977	527.286	626.645	3.958.849	3.049.195	3.406.336
Rekstrartekjur samtals .....	5.953.654	5.205.533	5.246.882	9.152.251	7.713.093	8.013.074

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Laun .....	2.435.241	2.244.706	2.189.585	3.610.988	3.326.957	3.278.517
Launatengd gjöld .....	564.585	482.631	515.047	618.822	524.496	562.142
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs..	8.996	0	8.996	8.996	0	8.996
Laun og launat. gjöld samtals :	3.008.821	2.727.337	2.713.628	4.238.805	3.851.453	3.849.655

	2023	2022
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	485	481
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	315	316
Ársverk.....	342	334
Laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar.....	56.777	54.335

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
Vaxtatekjur og verðbætur .....	32.297	30.000	12.213	38.738	57.889	15.299
Arður af eignarhlutum.....	3.277	10.400	5.077	3.277	10.400	5.077
Vaxtagjöld og verðbætur..... (	7.368)	( 26.981)	( 12.746)	( 35.733)	( 55.499)	( 33.687)
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	9.572	13.692	18.844	0	0	0
Gangvirðisbreyting						
skammtímafjármögnunar....	17.373	0	( 163.705)	17.373	0	( 163.705)
Fjármunatekjur og						
(fjármagnsgjöld) samtals.....	55.152	27.112	( 140.318)	23.655	12.790	( 177.017)

Fjármunatekjur og gangvirðisbreyting er birt að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2023	Áætlun 2023 með viðaukum	Ársreikningur 2022
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	5.299.684	4.763.533	4.699.723
Félagsþjónusta .....	( 598.133)	( 563.384)	( 489.178)
Heilbrigðismál .....	( 6.055)	( 6.854)	( 5.220)
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 2.345.841)	( 2.195.896)	( 2.102.220)
Menningarmál .....	( 194.496)	( 229.297)	( 212.990)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 626.056)	( 612.977)	( 557.924)
Brunamál og almannavarnir .....	( 62.997)	( 65.150)	( 67.403)
Hreinlætismál .....	( 126.695)	( 56.190)	( 70.687)
Skipulags- og byggingarmál .....	( 127.852)	( 130.634)	( 120.921)
Umferðar- og samgöngumál .....	( 84.397)	( 61.208)	( 155.558)
Umhverfismál .....	( 109.257)	( 110.655)	( 100.807)
Atvinnumál .....	( 29.244)	( 48.588)	( 28.901)
Framlög til A og B hluta .....	( 178.567)	( 135.597)	( 147.715)
Sameiginlegur kostnaður .....	( 371.185)	( 352.278)	( 361.857)
Lífeyrisskuldbinding, breyting og framlög til A deildar Brúar lífeyrissjóðs .....	( 514.936)	( 355.600)	( 521.388)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	524.149	259.445	350.145
Aðalsjóður samtals .....	448.121	98.669	107.102
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	( 216.693)	3.424	( 235.029)
A hluti samtals .....	231.428	102.093	( 127.927)
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Hafnarsjóður .....	230.026	( 4.278)	170.268
Fráveita .....	66.850	73.503	41.787
Félagslegar íbúðir .....	0	0	0
Náttúrustofa Suðurlands .....	( 9.930)	5.487	824
Hraunbúðir .....	0	0	0
Eygló eignarhaldsfélag ehf. ....	( 21.800)	( 14.537)	( 2.971)
Herjólfur ohf. ....	67.534	2.669	( 55.731)
Innri færslur .....	0	0	0
A og B hluti .....	564.108	164.936	26.250

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2023 .....	10.825.973	209.798	569.946	11.605.717
Endurmat lóða og lendna .....	414.866	0	0	414.866
Fjárfesting á árinu .....	320.263	136.366	51.903	508.533
Heildarverð 31.12.2023 .....	11.561.102	346.164	621.848	12.529.116
Afskrifað 1.1.2023 .....	( 2.288.231 )	( 25.535 )	( 232.912 )	( 2.546.677 )
Afskrifað á árinu .....	( 192.708 )	( 13.912 )	( 26.745 )	( 233.365 )
Afskrifað samtals 31.12.2023 .....	( 2.480.939 )	( 39.446 )	( 259.656 )	( 2.780.042 )
Bókfært verð 1.1.2023 .....	8.537.742	184.263	337.034	9.059.039
Bókfært verð 31.12.2023 .....	9.080.163	306.718	362.192	9.749.073
Afskriftarhlutföll.....	0 - 4%	4%	2,5 - 10%	

	Fasteignir og lóðir	Veitur, hafnir og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
<b>A og B hluti:</b>				
Heildarverð 1.1.2023.....	12.248.458	6.501.937	1.075.838	19.826.233
Endurmat lóða og lendna .....	414.866	0	0	414.866
Fjárfesting á árinu .....	337.765	578.749	71.947	988.461
Heildarverð 31.12.2023 .....	13.001.088	7.080.686	1.147.785	21.229.559
Afskrifað 1.1.2023 .....	( 2.566.285 )	( 3.725.721 )	( 508.855 )	( 6.800.860 )
Afskrifað á árinu .....	( 225.500 )	( 103.538 )	( 113.138 )	( 442.176 )
Afskrifað samtals 31.12.2023 .....	( 2.791.785 )	( 3.829.259 )	( 621.993 )	( 7.243.037 )
Bókfært verð 1.1.2023 .....	9.682.173	2.776.217	566.983	13.025.372
Bókfært verð 31.12.2023 .....	10.209.303	3.251.427	525.792	13.986.522
Afskriftarhlutföll .....	0 - 4%	2 - 8%	2,5 - 10%	

#### b. Fasteignamat og váttryggingaverð

